

Fundur 6.10.2025 Ema Lee dönsk kona sem flutti á seinni hluta tuttugustu aldar.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið, gott kvöld.*

Gleður mig að tala til ykkar og eru það margir fundirnir sem ég hef setið og notið sambanda en Ísland hefur sérstakan stað í hjarta mínu, þar sem ættartengsl í fortíðinni.

Og vil ég gjarnan verða að liði og magna fundinn, höfum við ekki sögu um glæsilegann brautryðjanda eins og ykkar íslenska þjóð, en hef ég samt frætt mig um sögu hnattar okkar og um sögu sambandsstöðvar þeirrar sem ég tala frá.

Og hef ég sérstakan áhuga bæði á mannkynssögunni og bæði áhuga á sögu þjóðar minnar og sögu ykkar Íslendinga, og hefði ég óskað þess og vona að þjóð mín hefði valið meira sjálfstæði og ekki tekið þátt í erlendum hernaðarbandalögum og hefði haldið fastar í hina norrænu tungu ykkar Íslendinga, sem við týndum einnig sjálf fyrir á öldum, en týndum niður með latneskum og engilsakneskum áhrifum fyrir á öldum.

Hef ég hér í framlífi mínu unnið að friðaráætlunum og stillihópur í framlífi sem hefur stutt mig og sem ég hef verið hluti af, og er hér margt spekulerað og rætt og finnst mér ótvírætt að fleira sé í framfaraátt hér á framlífs jörð minni, en var á frumlífs jörð minni.

En tók það mig nokkra áratugi að vinna bug á ákveðnum vandamálum og nýta hæfileika mína til fulls og snúa aftur til æsku hugsjóna minna á jörðinni.

Er hópur þessi sem ég tilheyri að reyna að senda orku til þjóðar okkar á jörðinni og koma inn vitmögnun og lífmögnun og gengur það misjafnlega vel.

Og viljum við gjarnan magna aðrar þjóðir til friðar og visku, en er það erfitt á þessum tímum þegar Jahve hefur stríðsáætlanir í gangi og hefur það gengið vel, og er því helstefnan í hættulega mikilli sókn nú um stundir hjá ykkur, en vonum við að viðleitni okkar og annarra í því að spyrna á móti þeirri hernaðarhyggju, geri sitt gagn, og teljum við að svo sé.

Ema Lee dönsk kona, dó fremur síðla á tuttugustu öldinni, í Norrebro.

Þakka ég fyrir mig og sendi ég ykkur kveðjur samlanda minna á framlífs jörð, og teljum hér að stefni allt í rétta átt frá því sem var í frumlífi.

Eru hér margir framlífs hnettir misjafnlega staddir sem okkar þjóð hefur farið til, en get ég ekki talað meira að sinni.

Þakka ég fyrir mig og óska ykkur allra heilla, verið þið sæl.

Þakka þér fyrir komuna, vertu sæl.